

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 2.febrúar 2024  
UST202312-223/A.B.  
10.04.01

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Ölfus 2020-2036 - Mölunarverksmiðja og höfn við Keflavík**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag fyrir mölunarverksmiðju á iðnaðarsvæði I-3 í Þorlákshöfn og uppbyggingu hafnarsvæðis við Keflavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felist í því að breyta skilmálum iðnaðarsvæðis I-3 í aðalskipulagi í samræmi við uppbyggingu svæðisins og heimila mölunarverksmiðju við Keflavík í Þorlákshöfn. Uppbygging mölunarverksmiðju gerir ráð fyrir tilheyrandi byggingum, aðstöðu við aðliggjandi höfn, setlóni, vatnsbóli og innviðaupbyggingu fyrir starfsemina.

Stefnt er að því að auglýsa samtímis tillögu að deiliskipulagi á lóð á iðnaðarsvæði I-3 og tillögu að breytingu á aðalskipulagi, breyting á skilmálum fyrir iðnaðarsvæði I-3 og tillaga að nýjum landnotkunarreit hafnarsvæðis fyrir hafnarmannvirki við Keflavík. Starfsemi mölunarverksmiðju gerir ráð fyrir að skip sæki sand og malarefni úr sjó og flutt sé á landi efni til efnisvinnslu og búast er við að um 2.000-3.000 tonnnum sé landað í hvert skipti. Ráðgert er að það komi eitt til tvö skip í viku með efni sem fer til vinnslu. Innan svæðisins verður allt efni flutt á milli mannvirkja og bygginga í lokuðum færíböndum. Undantekning á þessu er þegar efni er flutt á milli færibanda og bygginga á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir því að hráefni í verksmiðjuna yrði fengið úr námavinnslu á landi, í Lambafelli og Litla-Sandfelli.

### **Umhverfisþættir og viðmið**

Umhverfisstofnun leggur til að undir umhverfisþættinum *Jarðmyndanir og sjávarbotn* verði lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda bætt við viðmiðin og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun bætt við undir viðmiðin í umhverfisþættinum *Lífriki í sjó og fjöru*.

Auk þess ættu lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun að vera viðmið undir umhverfisþættinum *Vatnafar* og þar af leiðandi ætti áhrifamat fyrir vatn að vera unnið í samræmi við lög um stjórnvatnamála og vatnaáætlun.

Undir *Loftslag* ætti aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum einnig að vera viðmið.

Einnig þarf að mati Umhverfisstofnunar að hafa umhverfisþátt sem nefnist *Loftgæði* og mikilvægt að hann sé aðskilin frá umhverfisþættinum *Loftslag*.

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum uppbyggingar mölunarverksmiðu og hafnar samhliða skipulagsvinnu og stendur kynning á umhverfismatskýrslu framkvæmdarinnar yfir. Stofnunin mun einnig veita umsögn um skýrsluna.

### **Vatnamál**

Eins og áður segir verða áhrif metin á umhverfisþættina *Lífríki í sjó og fjöru og Vatnafar* í umhverfismati skipulagsáætlananna.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafa verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera **í samræmi** við stefnumörkun vatnaáætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf m.a. grein fyrir því hvort hættu sé á því að vistfræðilegt og/eða efnafræðilegt ástand þessara vatnshlota muni á einhvern hátt hnigna vegna framkvæmdarinnar og fyrirhugaðrar starfsemi og hvort þau munu uppfylla þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau í vatnaáætlun. Ástand vatnshlota má ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið.

Vinna þarf áhrifamat þar sem áhrif tillagnanna á þá gæðabætti sem notaðir eru til ástandsflokkunar vatnshlota eru metin. Við gerð matsins þarf að skoða áhrifin á bæði sjó, yfirborðsvatnshlot og grunnvatnhlot og svara þeirri spurningu hvort fyrirhuguð starfsemi/framkvæmdir geti orðið til þess að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist hugsanleg ekki.

Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

### **Landfylling**

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um stærð landfyllingar, hversu mikið efni þarf í hana og hverskonar efni á að nota í hana.

Í tillögunni þarf að koma fram hvort um opna landfyllingu að ræða, en ef er gert ráð fyrir opna landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin

efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,  
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Eins og kemur fram hér að ofan, ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu þá er mikilvægt að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### **Aðgengi almenning meðfram ströndinni**

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að á að tryggja skuli aðgengi almennings meðfram sjó þar sem starfsemin er fyrirhuguð í samræmi við

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram sjónum, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**